

**Nd.**

**490. Frumvarp til laga**

**[189. mál]**

um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1953.

Frá fjárhagsnefnd

**1. gr.**

Til 1. febrúar 1953 er ríkisstjórninni heimilt að greiða úr ríkissjóði til bráðabirgða, í samræmi við ákvæði fjárlaga fyrir árið 1952, öll venjuleg rekstrargjöld ríkisins og önnur gjöld, er talizt geta til venjulegra fastra greiðslna þess, þótt ákveðin séu og heimiluð til eins árs í senn.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1953.

**Greinargerð.**

Þar sem augljóst er, að ekki verður hægt að afgreiða fjárlög fyrir árið 1953 fyrir næstu áramót, ber nauðsyn til að veita ríkisstjórninni heimild þá, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir.

Frumvarpið er flutt eftir beiðni ríkisstjórnarinnar, og hafa einstakir nefndarmenn fyrirvara um afstöðu til málsins.